

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja á eftirtöldum stöðum:

- á hluta Þingholtsstrætis, gegnt Bókhöðustíg
- á Vitastíg að vestanverðu, frá Skúlagötu að Hverfisgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. febrúar 2003.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018,
verslunar- og þjónustulóðir í og við Giljahverfi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. febrúar 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst annars vegar í stækkun verslunar- og þjónustusvæðis við gatnamót Hlíðarbrautar og Borgarbrautar og hins vegar í breytingu á landnotkun úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði við gatnamót Merkigils og Kiðagils.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.